

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**711. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 5. september 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Undirskriftalisti v/skólagæslu.
3. Bréf Kvenfélagsins Bjarkar.

**Afgreiðslur:**

1. Forstöðumaður tæknideildar er mættur á fundinn til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem eru í gangi s.s. viðhaldi á hafnarsvæði, íþróttahúsi, vegtengingu að Sláturhúsi við Norðurbraut, gangstéttar, frágang við fótboltavöll, deiliskipulag ofl.
2. Lagður fram undirskriftalisti, þar sem mótmælt er boðaðri breytingu á innheimtu fyrir síðdegisgæslu í grunnskólanum sbr. bréf skólastjóra grunnskólans til foreldra grunnskólabarna frá 26. ágúst s.l. Í bréfinu kemur fram að gera eigi tilraun til að bjóða foreldrum barna í 1.-6. bekk er búa í dreifbýli upp á gjaldfrjálsa gæslu tvo daga í viku. Telja undirskrifendur listans að verið sé að mismuna fólki eftir búsetu og mótmæla þessari tilraun. Með tilliti til þess að verið er að seinka heimakstri þessa tvo daga og þess að börnin eru á ábyrgð skólans telur byggðarráð ekki ástæðu til að breyta 6 vikna auglýstu fyrirkomulagi á gjaldtöku fyrir síðdegisgæslu.
3. Lagt fram til kynningar bréf Kvenfélagsins Bjarkar, þar sem tilkynnt er að á félagsfundi Kvenfélagsins Bjarkar hafi verið ákveðið að gefa kr. 50.000 vegna kaupa á nýrri útidyráhurð fyrir Nestún 4-6. Byggðarráð þakkar fyrir höfðinglega gjöf. Samþykkt að taka á dagskrá.
4. Lagt fram fundarboð vorfundar Farskólans-miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra, sem haldinn verður 13. september n.k. kl.15:30.
5. Lagt fram til kynningar dagskrá ráðstefnu um eflingu lýðræðis hjá ríki og sveitarfélögum, sem haldin verður miðvikudaginn 14. september n.k. í Ráðhúsi Reykjavíkur.
6. Erindi Sigríðar Tryggvadóttur og Sigríðar Hjaltadóttur, sem frestað var á síðasta fundi, styrkbeiðni vegna málþings um Jakob H. Línadal, jarðfræðing. Byggðarráð samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 40.000.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:15

\_\_\_\_\_  
Sigurbjörg Jóhannesdóttir

\_\_\_\_\_  
Stefán E. Böðvarsson

\_\_\_\_\_  
Ragnar S. Helgason

\_\_\_\_\_  
Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúi

\_\_\_\_\_  
Elín Jóna Rósinberg.